

Starfsreglur foreldraráðs leikskóla LFA

Lög um leikskóla

IV. kafli 11. gr. foreldraráðs.

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Starfsreglur Foreldraráðs leikskóla LFA

1. Ráðið heitir Foreldraráð leikskóla LFA.
2. Foreldraráð starfar samkvæmt heimild í 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008
3. Í upphafi hvers skólaárs óskar leikskólastjóri eftir nýjum framboðum. Skal það gert í tölvupósti og á foreldrafundi í október ár hvert.
4. Foreldraráð starfar eitt skólaár í senn og starfstímabil þess er frá 1. nóvember til og með 31. október ár hvert og fundar einu sinni á hvorri önn og oftár eftir þörfum.
5. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra.
6. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum, þannig að a.m.k. einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir, til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.
7. Á fyrsta fundi ár hvert skal formaður, ritari og fulltrúi foreldra vera skipaðir.
8. Fulltrúa í ráðinu og starfsreglur þess skulu kynnt á heimasíðu leikskólans.

9. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um hver þau mál sem snert geta starfsemi skólans og ráðið fjallar um. Ráðið skal halda fundargerð og sjá til þess að fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu skólans.
10. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og yfirvöld.

Helstu verkefni:

Ráðið skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal með leikskólastjóra. Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.

Komi upp tilvik sem foreldraráð telur að þarfnist umræðu í öllum foreldrahópnum skal ráðið boða til fundar með foreldrum þar sem málin skulu rædd og lýðræðislegar ákvarðanir teknar. Foreldraráð fylgir þeim ákvörðunum síðan eftir.

Trúnaðaraðskylda: Foreldraráði er skylt að gæta trúnaðar og þagmælsku varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu sem fulltrúar ráðsins.

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs. Til stuðnings sem og nánari útfærslu starfsreglna þessara er vísað í 11. grein laga um leikskóla.

Gert í Reykjavík 18. nóvember 2025